

Reglur
um AVS rannsóknasjóð í sjávarútvegi,
(rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs).

1. gr.

Markmið.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi, kt. 440304-3460, er sjóður sem hefur það markmið að styrkja verkefni sem stuðla að auknu verðmæti íslensks sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni sjávarútvegs og fiskeldis.

2. gr.

Stjórn.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn sjóðsins og skal sjóðurinn hafa aðsetur á Sauðárkróki.

Einnig skal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipa sjóðnum 7 manna stjórn til fjögurra ára í senn. Þá skulu skipaðir jafnmargir varamenn í stjórnina. Í stjórn sjóðsins skulu eiga sæti fulltrúar atvinnulífsins og stjórnvalda sem hafa þekkingu á hagsmunum sjávarútvegsins. Við skipun í stjórn sjóðsins skal gæta að ákvæðum 2. mgr. 15. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla en samkvæmt því skulu eiga sæti í stjórn sjóðsins á hverjum tíma a.m.k. þrjú fulltrúar af hvoru kyni.

Stjórn sjóðsins skal móta stefnu fyrir sjóðinn og útfæra áherslusvið. Skal það gert í nánú samráði við hagsmunaaðila, vísindasamfélagið og stjórnvöld. Markmið og áherslur sjóðsins skulu vera í samræmi við þarfir atvinnugreinanna og hlutverk sjóðsins.

Stjórn sjóðsins gerir tillögur um og ber ábyrgð á eftirfylgni þeirra verkefna sem veittir eru styrkir til samkvæmt reglum þessum. Þá fylgist stjórn sjóðsins með framvindu þeirra verkefna sem sjóðurinn hefur styrkt.

Einnig skal stjórn sjóðsins skipa faghópa fyrir tiltekin svið atvinnugreinanna til tveggja ára í senn. Faghóparnir skulu vera ráðgefandi fyrir stjórn sjóðsins m.a. um þau verkefni sem sótt er um á sérsviði viðkomandi faghóps og vera stjórn sjóðsins að öðru leyti til ráðgjafar sé eftir því leitað. Stjórn sjóðsins felur faghópum að annast einstaka þætti í starfi sjóðsins, m.a. mat á umsóknum og eftirfylgni.

Þá skal stjórn sjóðsins beita sér fyrir aukinni samvinnu aðila um framkvæmd verkefna og fjármögnun þeirra. Skal hún í því sambandi leitast við að hafa yfirsýn yfir helstu verkefni sem unnið er að á sviði sjávarútvegs.

3. gr.

Hlutverk.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi hefur það hlutverk að styrkja og stuðla að rannsóknum, þróun og öðrum verkefnum í þeim tilgangi að auka verðmæti sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni sjávarútvegsins og fiskeldis hér á landi. Stjórn sjóðsins skal gera tillögur til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um úthlutun á styrkjum til hagnýtra rannsókna sem eru ætlaðir einstaklingum, fyrirtækjum, rannsóknar-, þróunar- og háskólastofnunum. Styrkir eru veittir til verkefna sem varða alla þætti sjávarútvegs- og fiskeldis og einnig margs konar annarra verkefna sem tengjast sjávarútvegi, s.s. á sviði líftækni, markaðsmála, vinnslu sjávarfangs, fræðslu, menntunar, upplýsingamiðlunar, vegna meðferðar hráefnis, bættrar tækni við fiskvinnslu o.fl.

Einnig annast sjóðurinn önnur verkefni sem honum kunna að verða falin af ráðherra.

4. gr.

Umsóknir.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa eftir umsóknum um úthlutun styrkja með auglýsingum sem skulu birtar í a.m.k. tveimur dagblöðum og einnig á vefsíðu sjóðsins. Í auglýsingum skulu koma fram upplýsingar um áherslur sjóðsins á hverjum tíma. Tilgreina skal umsóknarfrest og hvaða gögn skuli leggja fram með umsóknum hverju sinni. Í umsóknum skulu umsækjendur greina frá öðrum styrkjum sem þeir þiggja eða hafa þegið frá opinberum sjóðum og hvort þau verkefni sem sótt er um styrki til séu unnin í samstarfi við aðra aðila.

5. gr.

Framkvæmd úthlutunar.

Stjórn sjóðsins hefur yfirumsjón með meðferð umsókna um styrki sem sjóðnum berast og forgangsraðar tillögum til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um úthlutun styrkja.

Ákvarðanir um styrkveitingar skulu byggðar á niðurstöðu faglegs mats á umsóknum og með hliðsjón af þeim markmiðum sem sett hafa verið sjóðnum, sbr. 1. gr., gæðum rannsóknaverkefna, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknir og aðstöðu þeirra til að sinna verkefnunum. Ef umsækjendur eru í samstarfi við aðra aðila um þau verkefni sem sótt er um styrki til skal stjórn sjóðsins kalla eftir staðfestingu samstarfsaðila umsækjenda um þátttöku þeirra. Styrkirnir skulu veittir til eins árs í senn. Styrkirnir skulu veittir með því skilyrði að skilað verði til stjórnar sjóðsins fyrir tiltekinn tíma áfangaskýrslum um framvindu einstakra verkefna eftir því sem við á og einnig lokaskýrslum um öll verkefni. Stjórn sjóðsins skal krefjast endurgreiðslu útgreiddra styrkja eða styrkhluta verði verulegur, óútskýrður dráttur á framvindu- eða lokaskýrslum verkefna.

Óheimilt er að framselja styrki sem veittir eru af AVS rannsóknasjóði samkvæmt þessum reglum.

Að öðru leyti skulu gilda um framkvæmd úthlutunar styrkjanna ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og aðrar reglur stjórnarsýsluréttarins.

6. gr.

Fjármögnun og tekjur.

Tekjur AVS rannsóknasjóðs í sjávarútvegi skulu vera fjárveitingar á fjárlögum ár hvert og önnur framlög sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ákveður.

7. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Um aðgang aðila að gögnum sjóðsins sem varða mál þeirra gilda eftir því sem við á ákvæði 15. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og ákvæði upplýsingalaga nr. 50/1996, með síðari breytingum. Um aðgang að upplýsingum um styrki og önnur gögn úr sjóðnum fer að öðru leyti eftir upplýsingalögum nr. 50/1996, með síðari breytingum.

8. gr.

Starfsreglur.

Stjórn sjóðsins getur sett sér nánari starfsreglur um skipan faghópa sem og varðandi framkvæmd við úthlutun styrkja og skulu þær birtar á heimasíðu sjóðsins: www.avs.is.

9. gr.

Önnur atriði.


Stjórn sjóðsins skal skila ársskýrslu til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um starfsemi hans eigi síðar en 1. apríl ár hvert, fyrir fyrra almanaksár.

10. gr.


Gildistaka.

Reglur þessar öðlast gildi 1. janúar 2011.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 20. desember 2010.



Jón Bjarnason.



Sigurgeir Þorgeirsson.